



Bréfa- og málasafn 1965

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf – F. Naschits – Grettir L. Jóhannsson – Hans G. Andersen – Helga Valtýsdóttir – Pétur Eggerz – Tönned Andenæs – Eysteinn Jónsson – Þorvaldur Garðar Kristjánsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-31, Örk 8

Pétur Eggerz
Ambassador

Permanent Representative of Iceland
to the Council of Europe

Fimtudagur, 11. mars 1965.

Einkamáí.

Hr. forsetisráðherra
Þjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14,
Reykjavík.

Góði vinur,

Ég las með miklum áhuga grein þá sem Morgunblaðið birtir eftir pig, þann 28. febr.: "Utanþingestjórn og endurreisin lýðveldis!" Ég hef mikinn áhuga fyrir þessu máli, sem þú gerir grein fyrir á svo skýrann hátt. Ég var ríkisstjóraritari þegar að utanþingsstjórnin varð til, og fylgdist vel með starfsemi hennar. Ég álítt að þessi grein þín sé þýðingarmikið framlag til sögu Íslands.

Hér í sendiráðinu frétti ég þetta af þeim tveimur sendiráðum sem nú eru laus: a) Gunnar Thoroddsen farð til Kaupmannahafnar, b) ekki sé búið að ráðstafa Washington, en komið hafi upp sú hugmynd að senda Magnús Vigni þangað.

Hvað hæft er í þessum fréttum veit ég ekki, og skrifa þér þess vegna, þar sem þú hefur boðið mér að ég mætti gera það.

Ég hef alltaf frekar gert ráð fyrir að annað þessara sendiráða myndi veitt stjórnmálamanni, en vonast til að hitt myndi veitt mér, eða mér gefinn kostur á sendiraði, þó það yrði ekki Washington, og þá í sambandi við þessar ráðstafanir.

Hvort heldur sem þú getur hjálpað mér eða ekki, þá
bið ég þig um að hlýða á mál mitt.

Það er hverjum heilbrigðum manni nauðsynlegt
að fá viðurkenningu fyrir störf sín. Það er staðreynd
að bessari eðlilegu þörf hefur verið fullnægt hja
öllum jafnöldrum mínum í utanríkisþjónustunni.
Eðlilegri þörf þeirra fyrir frama hefur verið fullnægt
með því að gera þá að forstóðumönnum sendiráða, og
síðan hefur þetta verið undirstrikað með góðum launum.

Hitt er einnig staðreynd að mér einum hefur ekki
verið látin slik viðurkenning í té, nema Ambassadors-
titill sá sem ég fékk með þinni góðu aðstoð, og sem ég
þakka þér kærlega fyrir.

Petta hefur verið mér og mínu fólki mikil von-
brigði. Petta hafa verið langvarandi vonbrigði, þar sem
búið er að ráðstafa mörgum sendiráðum á undanförfnum
árum.

Enda þótt ég kysi alltaf heldur sendirað, þá
myndi ég hafa áhuga fyrir ambassadorsstarfi hja
Sameinuðu Þjóðunum, ef horfið yrði að því ráði að
gera það að sjalfstæðu starfi.

Við hjónin myndum kunna bér miklar þakkir, ef að
þú vildir hjálpa okkur í þessu réttlætismaí.

Við Ingibjörg sendum þér og konu þinni beztu
kveðjur,

pinn einlægur

Pétur Eggers

Consul
XXr / Grettir L. Jóhannesson
76 Middle Gate,
Winnipeg 1,
Manitoba, Canada.

Reykjavík, 25. janúar 1965.

Kærri vinur.

Eg vona að þú sért nú búina að fá svarið við málaleitan um sýningu fornuminja. Ðví miður er álitsgerð fornuminjavarðar neikvæð og er að minn viti þýðingarlaust að reyna að koma málínunum fram gegn hans vilja. Ðví miður hafti dregist að láta þig vita strax og umsögn hans lá fyrir, en mér er sagt, að ég hafi ekki þóst geta sint málínunum í jóla- og nýársönnunum.

Eg vona, að þér líssi vel, þó að ég viti, að andlát pinnar ágaetu konu hafi að sjálfsögðu fengið á þig. Ískonu ég innilegar samþarkveðjur okkar hjóna, sem við létum síma strax og freghin um missi þinn barst hingað. Okkur hjónum varð mikil ánsegja af enduraýjuðum kynnum við þina góðu konu á s.l. sunri. Dugnaður hennar, gleði og sáttifysi við hörð örlog sökum lífkamshrörnunar á meðan andlegir kraflar voru óskertir, vakti aðdáun okkar og veitti sjálfum okkur aukinn styrk. A sama veg veit ég, að góðar endurminningar hafa styrkt þig á þessum effiðu tínum.

Björn og Sigríður biðja kærlega að heilsa þér.

Með einlægum vinarkveðjum



OSLO

13. febrúar 1965.

Góði vinur,

Fyrir nokkru ræddi ég við Gerhardsen, forsætisráðherra, um efni síðasta bréfs þíns. Hann vildi hugsa málid nánar og láta mig vita síðar. Hann er mjög önnum kafinn þessa dagana og gat ekki farið til Íslands af þeim sökum, eins og þú veizt.

Ég vildi láta þig vita um þetta og skrifa aftur þegar ég hefi heyrt frá forsætisráðherranum.

Með beztu kveðjum,

þinn einlægur

Jónas Benediktsson

Forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.



CONSULATE GENERAL OF ICELAND

TEL AVIV (ISRAEL), 45, Dr. RUPPIN ST.
TELEPHONE 223439
CHANCELLERY: 6, AHUZAT BAIT ST.
TELEPHONE 66930
CABLE ADDRESS ICECONSUL

January 11, 1965
E/984/65

His Excellency
Mr. Bjarni Benediktsson
Prime Minister of Iceland
Reykjavik

Dear Mr. Prime Minister,

I have the honour to enclose a clipping which appeared in the "Jerusalem Post" under the headline "Joint Statement". It deals with Prime Minister Krag's visit, at the end of which the communiqué was issued and which has been conceived in the same spirit as that signed by you.

I am similarly enclosing a photograph from the Wizo Review, the monthly of the Women's International Zionist Organization taken in Nahalal. It shows the still vivid interest which your visit provoked.

The broken pot could not have been replaced so far on account of a broken oven in the ceramic workshop. It will be forwarded together with the 2 other objects left behind, upon receipt, which was promised in the nearest future.

I had the pleasure to send you a case of oranges which you may enjoy for your and your family's good health.

Finally, I beg to remind you of our talk regarding President Ásgeirsson's eventual unofficial visit to this country some time in the Autumn. As Foreign Ministry circles are also interested to learn about this project, I would be grateful to receive information in this respect.

Thanking you, I am dear Mr. Prime Minister,

Respectfully yours,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "F. Naschitz".

F. Naschitz
Consul General of Iceland.

Encls.

The Wizo School at Nahalal played host to the Prime Minister of Iceland, Dr. Bjarni Benediktsson, and his wife during their recent visit to Israel as guests of the Government. Mrs. Channi Bergmann does some explaining while Mrs. Cilla Shoham (right) listens.



10/11/65

Joint statement

POST Diplomatic Reporter

The Danish and Israel Prime Ministers, in a joint statement on Friday, called for the settling of international differences by peaceful means only and for the political independence and territorial integrity of all states. The statement was issued in Jerusalem after a meeting between Mr. Eshkol and Premier Jens Otto Krag, on the last morning of the Danish Premier's official visit.

They declared that this independence and integrity was a fundamental element in any just and lasting peace. The two Prime Ministers exchanged views on matters of common concern and expressed the desire that the meaningful relations established between the two countries be further strengthened for the benefit of both countries. Attention will be paid, it said, especially to expanding the volume of trade between the countries, to cultural exchanges and to tourism.

In their review of the current world scene, they agreed that continuation of the major powers' efforts towards the easing of tensions and the strengthening of the U.N. as an instrument for the safeguarding of peace was essential for the consolidation of world peace.

Of special importance to Israel as a developing country, the statement continued, the two Prime Ministers were agreed on the desirability of attaining comprehensive tariff reductions under the Kennedy Round as part of the efforts to liberalize world trade and to provide better marketing facilities for the developing countries. The standing U.N. Conference on Development and Trade had established a satisfactory framework for economic relations among nations, irrespective of their different stages of development, it said. The two Prime Ministers affirmed that the political emancipation of vast areas and millions of people in our time, now that the colonial regimes are at an end, must be supplemented by accelerated economic development to ensure the newly independent peoples a decent human existence.

Especial pleasure was expressed by Prime Minister Eshkol at the renewed occasion the visit had afforded the people of Israel, and himself, to testify to the profound feeling of gratitude, shared by the entire Jewish people, for the gallantry with which the Danish Jews were rescued from Nazi persecution.

Bjövin minn —

Eg vil ekki kominja og ónáða þig -
háldu vil eg líðja þig að tala við mig
þegar þú hétur tíma.

Sauð e vegna Margum Blæsius. Það verð ad
selja eitt hváro af minnum lílubræfum el
mögulegt e vegna bygginstframkvæmda
og annars. —

Hlj. Valdijs.



NORSK-ISLANDSK SAMBAND

Oslo, 9. april 1965

Kjære Bjarni.

Ukeavisen Dag og Tid vil gjerne intervju deg og sender som du vet bladets redaktør, cand.philol. Ivar Eskeland til Reykjavik i løpet av kort tid. Dag og Tid er det ledende nynorske vekebladet. Eskeland er formann i Norsk Kringkastingsråd og er sønn av pedagogen Severin Eskeland som var med på Snorrihátidini i 1946. Ivar har selv gått på skole på Island og er sammen med lektor Kaurin, den mest ansette oversetter fra islandsk til norsk.

Jeg håper du får tid til å gi ham et intervju, det vil passe godt med et intervju som trykkes like før du kommer til Norge som Regjeringens gjest. Dog vil jeg gi deg det råd at du ber om å få godkjenne hans manuskript før han reiser fra landet. Er det noe du ikke liker i Eskelands manuskript så skal du bare stryke slikt.

Vi gleder oss meget til at dere kommer til å ta med Anna. Av hensyn til billettene for Nord-Norgesturen vil vi gjerne høre om du har lyst til å ha henne med til Nord-Norge, eller om hun skal være i Oslo mens du og Sigridur reiser nordover. Kan du sende meg et par linjer om dette. Informer også din ambassadør om dette så han ikke føler seg forbigått, han er jo en sår natur.


Når det gjelder Nord-Norgesturen så ville jeg helst ha lagt den til Tromsø, men Utenriksdepartementet holdt på sitt opplegg, så det er ikke noe å gjøre ved det. Det blir sikkert en fin tur i alle tilfelle.

Jeg hører at ambassaderåd Sigurdur Hafstad skal overføres til ambassaden i Paris, jeg håper dere finner en ny ambassaderåd som finner seg like godt til rette i Norge som Hafstad. Personlig synes jeg det er meget viktig at den islandske ambassaderåd i Norge er en vennesæl og omgjengelig person som omgir seg med nordmenn av alle yrker og samfunnslag. Jeg tror at en ambassaderåds største oppgaver er å være en kulturformidler og goodwillskaper. Ambassadefolk som omgir seg med diplomater, folk fra Utenriksdepartementet, hel- og halvkunstnere er det nok av her i landet fra før.

Til slutt en spesiell sak. Det er en ting jeg har tenkt en del på og som jeg gjerne ville ta opp med deg før jeg nå går av som formann i Norsk - Islandsk Samband. Det gjelder utdeling av islandske ordener i Norge. Jeg har en viss følelse av at de vekslende islandske ambassadører i Norge kanskje ikke alltid har hatt det overblikk som en kunne ønske. Særlig gjelder dette på det kulturelle felt. Jeg håper du ikke tar det ille opp om jeg, - før jeg går av som formann - nevner for deg noen mulige kandidater til Falkeordenen. Navnene er tatt ut med sikte på å skape en større

balanse i ridderstanden av Falkeriddere i Norge. Kunne det passe om
noen av disse fikk overrakt sine hederstegn under ditt besøk i Norge ?
./. Jeg vedlegger en huskeliste med noen navn.

Beste hilsen


Tønnes

P.s.

Glem ikke å sende et par ord om Anna og Nord-Norgeturen.

Ráðstefna Sjálfstæðisflokkins og
sveitarstjórnarmál.

Hér eru settar fram hugmyndir og tillögur um ráðstefnu flokksins um sveitarstjórnarmál, sem miðstjórn hefir samþykkt, að haldin skuli á næstkomandi hausti.

Tilhögun og skipulag ráðstefnunnar verður að ákveðast með tilliti til þess,

- 1) hvert hlutverk ráðstefnunni er ætlað að rækja og
- 2) hverjum er ætlað að sitja ráðstefnuna.

Ráðstefnan hefir þann tilgang að efla og auka hlut flokksins á sviði sveitarstjórnarmála með sérstöku tilliti til sveitarstjórnarkosninga 1966. Þessu hlutverki sínu þarf ráðstefnan að gegna með því að

- 1) skýra stefnur og markmið flokksins í sveitarstjórnarmálum og
- 2) skipuleggja áróður og baráttu flokksins í sveitarstjórnarkosningum 1966.

Undirbúa þarf ráðstefnuna, til þess að tryggja skipuleg vinnubrögð svo sem verða má. Rétt er að fela sérstakri nefnd að gera drög að yfirlýsingum um sveitarstjórnarmál, sem lögð yrðu fram á ráðstefnunni sem umræðugrundvöllur um stefnu flokksins og markmið. Annarri nefnd þarf að setja það verkefni að hreyfa hugmyndum, sem lagðar yrðu til grundvallar umræðum á ráðstefnunni um kosningabaráttuna 1966.

Störf ráðstefnunnar yrðu fólgin í

- 1) umræðum um yfirlýsingum um sveitarstjórnarmál,
- 2) umræðum um kosningabaráttuna 1966,

- 3) almennum umræðum um sveitarstjórnarmál og
- 4) fundum þingnefnda.

Til þess að ráðstefnan geti gegnt þessum störfum, þarf hún að standa yfir í 2 daga.

Ráðstefnunni er einungis ætlað að fjalla um sveitarstjórnarmál. Rétt er að taka tillit til þess, þegar ákvörðun er tekin um fulltrúaval. Flokksfélögin hafa valið ákveðna menn til þess að fara með þessi mál í umboði flokksins. Það eru fulltrúar flokksins í sveitarstjórnnum landsins. Liggur því beinast við, að þessir sömu menn verði sjálfkjörnir fulltrúar á ráðstefnunni. Fulltrúar flokksins í sveitarstjórnnum landsins eru samtals 122 að tölu auk þeirra Sjálfstæðismanna, sem ekki eru kosnir á hreinum flokkslistum. Eðlilegt er, að varafulltrúar flokksins í sveitarstjórnnum verði einnig sjálfkjörnir á ráðstefnuna. Rétt er, að alþingismenn og flokksráðsmenn eigi sæti á ráðstefnunni. (Hinn árlega flokksráðsfund ætti að halda um sama leyti.)

Legg til, að

- 1) ráðstefnan verði haldin 23.-24. október næstkomandi,
- 2) boðað verði til ráðstefnunnar ekki síðar en 2 mánuðum áður en hún verður haldin,
- 3) skipuð verði nefnd til að undirbúa yfirlýsingu ráðstefnunnar um sveitarstjórnarmál og
- 4) skipuð verði nefnd til að undirbúa aðgerðir ráðstefnunnar til skipulagningar kosningabaráttunni 1966.

31. júlí 1965.

þuk

"Mér sýnist þurfa harðan haus til bess að standa hér dag eftir dag á Alþingi, deila á ríkisstj. og stjórnarflokkana fyrir há ríkisútgjöld, en moka svo inn í þingið till. um að fella niður tekjustofna ríkisins og stórauka útgjöldin. Og þeir menn eru ekki vandir að virðingu sinni, sem leika svona skrípaleik ár eftir ár. Það er ekki hægt að sjá annað en að stjórnarandstaðingar allir í hóp hafi tekið sér kjör-orð: Niður með tekjurbar, upp með gjöldin. - Bessi loddara-leikur allur saman minnir mig á gamla sögu um hefðarmey og afgreiðslumann í skóbúð. Stúlkan spurði eftir skóm. Afgreiðslumaðurinn var á þönum um allar hillur, reiffram alla skó, sem fyrirtækið hafði á boðstólum, en ekkert hentaði stúlkunni. Þegar þar var komið, sagði búðarmaðurinn: Nú sé ég, að hverju þér leitið. Þér leitið eftir skóm, sem eru stórir að inna, en litlir að utan, en þannig skó höfum við ekki. - Stjórnar-andstaðan virðist ætla að telja þjóðinni trú um, að þeir hafi slíkan skófatnað á boðstólum."

Hér fer á eftir yfirlit yfir fjárhagslega þýðingu frv. og pálti. Framsóknarmanna á Alþingi 1964-1965:

Tillögur, sem varða afkomu ríkissjóðs árið 1965:

Hækjun útgjalda:

Brtt. við frv. til fjárlaga	211,1 m.kr.
Frv. til l. um lækkun skatta og útsvara einstaklinga	150,0 -
Frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins	40,0 -

401,1 m.kr.

Tekjuskerðing:

Frv. til l. um lækkun skatta og útsvara einstaklinga	125,0 m.kr.
Andvígir hækjun sölusk. um 2%	<u>246,0 -</u> <u>371,0 -</u>

Neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs: 772,1 m.kr.

Till. um ráðstafanir á greiðsluafgangi ríkissjóðs undanfarinna ára:

Til styrktar nýjum síldariðnaði og markaðsleit	20,0 m.kr.
Til greiðslu á eftirstöðvum vangoldinna framlaga til félagsheimila	20,0 -
Til veðdeildar Búnaðarbanks	<u>10,0 -</u> <u>50,0 m.kr.</u>

Till. um lántökur ríkissjóðs:

Til vegabóta á Vestfjörðum	20,0 -
" Tjörnesvegar, S-Þing.	3,0 -
" Hálsavegar, N-Þing.	3,0 -
" Strandf.skips, VEstm.eyj.-Þorl.höfn	15,0 -
" Ólafsfjarðarvegar	3,0 -
" Vegaframkvænda á Austurlandi	20,0 -
" Síldarleitarskipa	30,0 -
" Vestfjarðaskips	<u>25,0 -</u> <u>119,0 m.kr.</u>

Till. um að ábyrgjast lán til byggingar og endurbóta síldarverksmiðja, síldar- umhleðslustöðva og síldarflutninga allt að

100,0 m.kr.

Frh.

Auk framangreindra tillagna hafa Framsóknarmenn
borið fram frv. og þátl., sem hafa í för með
sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð,
svo sem:

Brtt. við frv. til 1. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.
(Flm.: Óskar Jónsson).

Fr. til 1. um verkfræðiráðunauta ríkisins á
Norður-, Austur- og Vesturlandi.
(Flm.: Gísli Guðmundsson, Águst Þorvaldsson).

Fr. til 1. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.
(Flm.: Águst Þorvaldsson o.fl.)

Brtt. við stjórnarfrumvarp til jarðræktarlaga,
(Flm.: Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson).

Fr. til 1. um breyting á íþróttalögum nr. 49/1956.
(Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason)

Fr. til 1. um hækjun ríkisframлага til hafnargerða.
(Flm.: Gísli Guðmundsson o.fl.)

Brtt. við frv. til 1. um búfjárrækt.
(Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson)

Fr. til 1. um breyt. á l. nr. 58/1946 um menntaskóla.
(Flm.: Einar Ágústsson, Óskar Jónsson).

Fr. til 1. um sjö nýja héraðsskóla.
(Flm.: Ingvar Gíslason, Halldór Ásgrímsson o.fl.)

Fr. til 1. um áburðarverksmiðju ríkisins.
(Flm.: Águst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson Halldór E.Sig.o.fl.)

Till. til þál. um raforkumál.
(Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson o.fl.)

Till. til þál. um hækjun íbúðarhúsalána hjá Stofnlánadeild
landbúnaðarins og um lækkun vaxta.
(Flm.: Ásgeir Bjarnason, Águst Þorvaldsson, Páll Þorsteinsson).

17. maí 1965
HMK